

**Ávarp Jóns Atla Benediktssonar, rektors Háskóla Íslands, við setningu málþings í tilefni af 20 ára afmæli Vísindavefs Háskóla Íslands. Haldið í sal Þjóðminjasafns Íslands föstudaginn 7. febrúar 2020 kl. 15.**

Forseti Íslands, góðir gestir.

Það er mér heiður og ánægja að segja fáein orð í upphafi þessa hátíðarmálþings sem haldið er í tilefni af 20 ára afmæli Vísindavefs Háskóla Íslands.

Vísindavef Háskóla Íslands var hleypt af stokkunum 29. janúar 2000 og var hann framlag Háskólans til dagskrár verkefnisins *Reykjavík – menningarborg Evrópu árið 2000*. Var vefurinn opnaður af þáverandi forseta Íslands, Ólafi Ragnari Grímssyni, að viðstöddum þáverandi háskólarektor Páli Skúlasyni, fyrsta ritstjóra Vísindavefsins Þorsteini Vilhjálmssyni og nemendum úr Grandaskóla og Fjölbrautarskóla Suðurlands sem sendu strax inn fyrstu spurningarnar.

Skemmst er frá því að segja að Vísindavefurinn sló í gegn frá fyrstu stundu og reyndist áhugi almennings svo mikill að ekki kom annað til greina en að halda verkefninu áfram. Óhætt er að segja að vegur Vísindavefsins hefur verið ein samfelld sigurganga undanfarin 20 ár og hefur fjöldi notenda vaxið ár frá ári. Samkvæmt tölum byggðum á samræmdri vefmælingu á Íslandi voru notendur vefsins orðnir tæplega ein milljón á síðasta ári og hafði þeim fjölgað um heil 26% frá 2018. Nánar tiltekið var heildarfjöldi notenda 977.000 árið 2019, en innlit voru tæplega 2,4 milljónir og flettingar um 3,4 milljónir. Að meðaltali heimsækja um 36.000 gestir Vísindavefinn í hverri viku og fletta þeir um 65.000 síðum. Alls hafa verið birt tæplega 13.000 svör á Vísindavefnum og hafa spurningar verið tæplega 73.000.

Vísindavefurinn fjallar um öll vísindi, hverju nafni sem þau nefnast, allt frá stjörnufræði til handrita og frá sameindalíffræði til sálarfræði.

Og því fer fjarri að lesendur fletti einkum upp nýjustu eða vinsælustu svörunum heldur sækja þeir í allan þann fjölbreytta fróðleik sem á vefnum er að finna.

Ljóst er að gríðarlega mikil vinna býr að baki svo umfangsmiklu og virku vefsetri og vil ég þakka öllum þeim sem lagt hafa hönd á plóg til að gera veg Vísindavefs Háskóla Íslands sem mestan undanfarin 20 ár. Að öðrum ólöstuðum er við hæfi á þessum tímamótum að geta sérstaklega frumköðulsins og fyrsta aðalritstjóra Vísindavefins, Þorsteins Vilhjálmssonar, prófessors emeritus í eðlisfræði og vísindasögu, en Þorsteinn stýrði vefnum í rúman áratug eða til miðs árs 2010 og svarar reyndar enn spurningum sem berast vefnum og tengjast eðlisfræði og vísindasögu. Þorsteinn er með okkur hér í dag og mun hann flytja lokaorð í lok afmælistálfingsins. Áður en lengra er haldið langar mig að biðja Þorstein um að koma hingað og taka við blómvendi og bókargjöf sem þakklætisvotti í tilefni afmælisins.

Góðir gestir. Aðalsmerki Vísindavefs Háskóla Íslands hefur alla tíð verið að svara spurningum lesenda eins rétt og vísindaleg þekking á hverjum tíma gefur tilefni til. Þannig hefur vefurinn gegnt mikilvægu hlutverki sem vettvangur fræðslu og málsvari fræðilegrar þekkingar. Það er kunnara en frá þurfi að segja að um þessar mundir er sótt að staðreyndum og traustri vísindalegri þekkingu úr ýmsum áttum. Þannig hefur hugtakið „falsfréttir“ orðið æ meira áberandi í umræðu um lýðræði, vísindi og traust almennings. Með falsfréttum er iðulega reynt að villa um fyrir fólki og afvegaleiða vísindalega þekkingu, staðreyndir og túlkun á þeim, oftast en ekki í þágu tiltekinna hagsmuna. Það er því einkar vel við hæfi að umfjöllunarefni þessa afmælistálfings Vísindavefsins skuli vera „falsfréttir og vísindi“. Hingað eru komnir valinkunnir fræðimenn og fulltrúar annarra starfsstétta sem í störfum sínum glíma með einum eða öðrum hætti við þann vágast sem falsfréttir eru og hlakka ég til að heyra erindi þeirra.

Það er einnig vel við hæfi að fyrstur á mælendaskrá skuli vera Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands og prófessor í sagnfræði við Háskóla Íslands, en Guðni er einmitt höfundur allnokkurra svara á Vísindavef Háskóla Íslands.

Ég vil ljúka máli mínu með því að óska öllum aðstandendum Vísindavefs Háskóla Íslands hjartanlega til hamingju með daginn og gef Guðna orðið.

Takk fyrir.